

Níundi fundur haldinn á Breiðabliki mánudaginn 31. ágúst 2015 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Gísli Guðmundsson og Halldór Jónsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
Katrín ritaði fundargerð.

Dagskrá.

Til afgreiðslu.

1. Drög að reglum um verkefnið betra ljós. **Samþykkt samhljóða.**
2. Drög að samkomulagi við landeigengur vegna lagningu ljósleiðara. **Samþykkt samhljóða.**
3. Drög að umsóknareyðublaði vegna ljósleiðara. **Samþykkt samhljóða.**
4. Fjallskilaseðill vegna 2015. **Samþykktur.**
5. Tillaga um dagsetningu á næsta fundi. **Oddviti leggur til næsta fund 17 september. Það samþykkt.**

Mál í vinnslu.

6. Staðan á verkefninu betra ljós. **Oddviti fór yfir málin.**
7. Útboð á tryggingum sveitarfélagsins. **Útboð komið í ferli.**
8. Land í eigu hreppsins,
 - tölvupóstur frá Þórð Guðmundssyni þar sem hann dregur ósk um að kaupa hreppslandið til baka.
 - Erindi frá Þórð Runólfssyni og varðar hreppslandið.
 - Beiðni frá Áslaugu Sigvaldadóttur um að fundargerð frá síðasta fundi verði breytt. **Það samþykkt og við síðustu fundargerð bætist eftirfarandi: fh. Fyrirtækisins Hjá Góðu fólki ehf.**
9. Sorpmál. Gámarnir með rúlluplasti í sveitarfélaginu. **Borist hefur tilkynning um að gámarnir verði teknir. Verið er að leita lausna.**
10. Tölvupóstur frá Þórð Runólfssyni vegna erindis frá því í apríl. **Oddviti fór yfir málið, afgreiðsla í apríl alveg skýr.**
11. Fyrirspurn frá Önnu Sesselju Sigurðardóttur vegna ljósastaura. **Samþykkt að verkefnið verði óbreytt eins og lagt var upp með í upphafi.**

Til kynningar.

12. Fundargerð fjallskilanevndar frá 26. Ágúst.
13. Bréf dagsett 14. ágúst frá Lárentsínusi Kristjánssyni hrl.
14. Fundargerð NH-BSH frá 19. ágúst 2015

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)